

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 3. apríl 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.35 og lauk kl.18.00.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Viðar Halldórsson, Anna Lilja Sigurðardóttir, Már Sveinbjörnsson, Aðalbjörg Óladóttir, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Magnús Gunnarsson. Forföll: Ragnar Hilmarsson.

Dagskrá:

- Húsaleigustyrkir vegna íþróttamannvirkja í Hafnarfirði 2023**

Farið yfir uppgjafir tölur frá Hafnarfjarðarbæ. Ekki fékkst sundurliðun frá Hafnarfjarðarbæ um skólanotkun annars vegar og íþróttafélaganotkun hins vegar, samtals var talan kr. 1.017.394.603, helmingur af þeirri upphæð kr. 508.697.302 er birt í ársreikningi ÍBH sem áætluð notkun íþróttafélaga fyrir árið 2023.
- Ráðstefna konur og íþróttir mars 2024 – samantekt**

ALS greindi fundarmönnum frá því helsta sem fór fram á ráðstefnunni og hvað hægt var að læra af henni fyrir íþróttahreyfinguna.
- Fjárhagsáætlun íþróttahéraða og lottógreiðslur 2024**

Farið yfir upplýsingar frá ÍSÍ og UMFÍ sem sendar voru ÍBH 7. mars sl. Lottótekjur ÍBH 2023 án arðgreiðslna frá ÍG en með útbreiðslustyrk voru kr. 53.450.154. Áætlaðar lottótekjur ÍBH 2024 eftir breyttar reglur frá 1. apríl 2024 eru kr. 52.329.507, þ.e. lækkun um kr. 1.120.647.
- Þjálfaramenntun KSÍ**

Greinargóðar upplýsingar frá KSÍ lagðar fram til upplýsinga og umræðna. Ákveðið að skipa nefnd innan stjórnar ÍBH um mat á þjálfaramenntuninni og vinna matið áfram. Nefndina skipa Anna Lilja Sigurðardóttir, Viðar Halldórsson og Arnfríður Kristín Arnardóttir.
- Ársreikningur ÍBH 2023**

Lagður fram til kynningar og umræðna.
- Blakþing 13. apríl 2024 Húsavík**

Lagt fram til kynningar. ÍBH má eiga einn fulltrúa á þinginu með málfrelsi og tillögurétt.
- Nýr formaður Badmintonfélags Hafnarfjarðar**

Erla Björg Hafsteinsdóttir var kjörin nýr formaður Badmintonfélags Hafnarfjarðar á aðalfundi félagsins þann 19. mars sl. Hörður Þorsteinsson fráfarandi formaður félagsins til 33 ára var gerður að fyrsta heiðursfélagi félagsins,

Aðalbjörg Óladóttir varaformaður ÍBH veitti honum einnig við þetta tækifæri gullmerki ÍBH. ÍBH vill þakka Herði fyrir hans vinnuframlag til íþróttamála í Hafnarfirði og bjóða Erlu Björg velkomna til starfa.

8. Svæðisstöðvar íþróttahreyfingarinnar

Upplýsingar frá 12. mars sl. frá ÍSÍ og UMFÍ lagðar fram til kynningar.

9. Klifurþing 10. apríl 2024 Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

10. Starfsskýrsluskil til ÍSÍ / UMFÍ 2024

Skilafrestur er til 15. apríl, en í ár er skilafresturinn framlengdur til 31. maí nk. vegna lagfæringa og uppfærslna í kerfinu. Upplýsingum um framlengdan skilafrest hefur verið komið til allra aðildarféлага ÍBH.

11. Taekwondoþing 9. apríl 2024 Reykjavík

Lagt fram til kynningar.

12. Önnur mál

a). UMSK og ÍBR sendu fyrirspurn til ÍBH um að vera með í sameiginlegu bréfi til stjórnna UMFÍ og ÍSÍ. Stjórn ÍBH samþykkti erindið.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.